



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Umsögn - 30. júní 2017

Magnús Sveinbjörnsson  
Klukkuvellir 4  
221 Hafnarfjörður

Efni: Klukkuvellir 4-8 land í fóstur, 1706420

Með tölvupósti sínum þann 27.6.2017 óskar Magnús Sveinbjörnsson fyrir hönd íbúa við Klukkuvelli 4-8 að taka land í fóstur. Á baklód húsanna er land í eigu bæjarins sem liggur frá lóðarmörkum Klukkuvalla 4-8 að gangstétt.

Í upphaflegu deiliskipulagi var gert ráð fyrir að lóðirnar við Klukkuvelli 4-8 næðu út að umræddri gangstétt. Með deiliskipulagsbreytingu árið 2005 voru lóðirnar minnkaðar og sk. gildandi deiliskipulagi frá 2012 er skiki milli lóðarmarka og gangstéttar.

Nú óska íbúarnir að taka landið að sér og koma fyrir trjágróðri nær gangstéttinni.

*Ekki verður séð neitt því til fyrirstöðu að íbúar við Klukkuvelli 4-8 taki að sér umræddan skika. Landið verður tekið í fóstur í samræmi við þær reglur sem gilda um slíkar spildur. Eigendur húsanna við Klukkuvelli 4-8 skulu gera samning við Hafnarfjarðarbæ um notkun svæðisins.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt